

# U

UNGSVEIT SÍ

26  
09 20  
21

# Ungsveitin spilar Sibelius



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverks.

Áætluð tímalengd:

45'

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandicsymphony / #sinfó



Stjórnarráð Íslands  
Mennta- og  
menningarmálaráðuneytið



Reykjavíkurborg



Stoltur bakhjarl

Bakhjarl í flutningum

TVG-ZIMSEN

26|09

SUNNUDAGUR  
KL. 17:00

# Ungsveitin spilar Sibelius

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

**Ungsveit**

**Sinfóníuhljómsveitar Íslands**

**Eva Ollikainen**

hljómsveitarstjóri

**Efnisskrá**

Jean Sibelius

**Sinfónía nr. 2 í D-dúr, op. 43 (1901–02)**

Allegretto

Tempo andante, ma rubato

Vivacissimo – Lento e suave –

Finale: Allegro moderato

For information in English about tonight's programme, please visit the Icelandic Symphony Orchestra's website:

**[en.sinfonia.is](http://en.sinfonia.is)**



# Eva Ollikainen

## HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Finnski hljómsveitarstjórinn Eva Ollikainen tók við stöðu aðalstjórnanda og listræns stjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands haustið 2020.

Eva stundaði tónlistarnám við Sibeliusar-akademíuna í Helsinki og hreppti fyrstu verðlaun í Panula-keppninni fyrir unga hljómsveitarstjóra árið 2003. Hún kom fyrst til Íslands tveimur árum síðar og spannar samstarf hennar við Sinfóníuhljómsveit Íslands því meira en 15 ár. Þá stjórnaði hún framhaldsskólatónleikum hljómsveitarinnar með nær engum fyrirvara, en hún stjórnaði einnig nokkrum áskriftartónleikum á árunum 2007–2010. Hún stjórnaði í fyrsta sinn í Hörpu í febrúar 2019 og skömmu síðar tók hún boði hljómsveitarinnar um að gerast aðalstjórnandi hennar.

Eva Ollikainen hefur stjórnað fjölda virtra hljómsveita, meðal annars Útvarpshljómsveitunum í Finnlandi og Svíþjóð, Fílharmóníusveitinni í Stokkhólmi og Sinfóníuhljómsveitinni í Vínarborg. Þá hefur hún stjórnað óperuflutningi við Dönsku þjóðaróperuna og Semperoper í Dresden. Á komandi starfsári mun Eva stjórna Sinfóníuhljómsveit Íslands á níu tónleikum, meðal annars í *Valkyrjunn* eftir Richard Wagner og *Ein Heldenleben* eftir Richard Strauss.



# Ungsveit SÍ

Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands hefur vakið verðskuldaða athygli en sveitin hlaut viðurkenninguna Bjartasta vonin á Íslensku tónlistarverðlauninum 2016. Undanfarin átta ár hafa tæplega hundrað ungmenni úr tónlistarskólum landsins tekið þátt ár hvert á Ungsveitarnámskeiði SÍ og náð undraverðum árangri undir leiðsögn framúrskarandi hljóðfæraleikara og hljómsveitarstjóra. Markmið Sinfóníuhljómsveitarinnar með hljómsveitarskóla Ungsveitarinnar er að gefa tónlistar-nemendum innsýn og vettvang til að kynnast hinum sinfóníska heimi af eigin raun og njóta þjálfunar og leiðsagnar í hljómsveitarleik eins og um atvinnumennsku væri að ræða. Hljóðfæraleikarar Ungsveitarinnar þurfa að standast prufuspil sem líkir eftir aðstæðum prufuspila hjá Sinfóníuhljómsveitinni. Í Ungsveitinni eru gerðar strangar kröfur um faglega framiðstöðu enda hafa tónleikar Ungsveitarinnar vakið eftirtekt fyrir samstilltan flutning og magnaða túlkun.

Hljómsveitin í ár er skipuð tæplega 80 ungum hljóðfæraleikurum. Hljóðfæraleikarar úr Sinfóníuhljómsveit Íslands komu að verkefninu með þjálfun og undirbúningi, auk þess leika nokkrir þeirra með Ungsveitinni hér í dag.

Að þessu sinni voru aðstoðarhljómsveitarstjórar á fyrstu æfingum sveitarinnar Bernharður Wilkinson og Kornilios Michailidis. Umsjón Ungsveitarinnar er í höndum Hjördísar Ástráðsdóttur, fræðslustjóra SÍ. Á næstu vikum verður tilkynnt um verkefnaval sveitarinnar að ári og verða prufuspil haldin vorið 2022.

Eliza Reid forsetafrú er verndari Ungsveitar Sinfóníuhljómsveitar Íslands.



# Jean Sibelius

## SINFÓNÍA NR. 2

Finnska tónskáldið Jean Sibelius (1865–1957) leitaðist við að fanga þjóðarandann í verkum sínum þótt hann byggði ekki á þjóðlögum sem slíkum. Hann samdi sjö sinfóníur á árunum 1899–1924 og þær eru lykilverk á ferli hans. Nýjungin í tónmáli hans fólst ekki síst í framvindunni. Hann leggur áherslu á liti tónlistarinnar og áferð, hugsar í löngum og breiðum tónaflekum. Ólíkt Stravinskíj, sem klippir snögg milli ólíkra efnispáttu í tónlist sinni, horfir Sibelius langt fram á við, ekki ósvipað kvikmyndagerðarmanni sem sér heilu atríðin í einni órofinni töku.

Sibelius var illa á sig kominn síðla árs 1900. Yngsta dóttir hans var nýlátin úr taugaveiki, hjónabandið stóð á brauðfótum og hann reykti og drakk langt fram úr hófi. Það var góðvinur hans að nafni Axel Carpelan sem greip í taumana: „Þú verður að fara til Ítalíu! Þú manst hversu góð áhrif það hafði á Strauss og Tsjajkovskíj að dveljast þar!“ Carpelan skrapaði saman 5000 finnskum mörkum og sendi Sibelius suður á bóginn. Listræni árangurinn lét heldur ekki á sér standa. Þegar Sibelius sneri aftur norður á bóginn eftir nokkurra mánaða dvöl í Rapallo, skammt suður af Genóa, hafði hann í farteskinu drög að nýrri sinfóníu.

Framvindan í tónlist Sibeliusar er um margt ólík því sem heyra má í hinni þýsk-austurrísku sinfóníuhefð. Fyrsti kafli sinfóníunnar er ágætt dæmi. Það er almenn venja í sinfóníum og öðrum verkum í sönötuformi að hefja leik með breiðum og eftirminnilegum stefnum sem síðan eru bútuð niður í smærri einingar þegar líður á verkið. Sibelius fer þveröfugt að. Hann kynnir fyrst til sögunnar litla stefnumóta – endurtekna hljóma í strengjum, blítt og dansandi stef í óbóum og klarínettum, hádramatískt fiðlustef, veikt strengjaplokk, o.s.frv. Samhengið er ekki alltaf auðheyrt en eftir því sem líður á kaflann verða hendingar lengri, tengingar skýrari, flæðið betra. Sjálfur lýsti Sibelius tónsmíðaaðferð sinni svo: „Það er eins og sjálft almættið hafi fleygt niður mósaíkbútum af gólfi himnaríkis og sagt mér að þúsla þeim saman.“

## TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Önnur sínfónía Sibeliusar nýtur mikilla vinsælda og hefur Símfóníuhljómsveit Íslands leikið hana oftár en nokkra aðra sínfóníu tónskáldsins. Meðal þeirra sem haldið hafa um tónsprotann eru Jussi Jalas, sem var tengdasonur Sibeliusar (1950 og 1974), Jóhann Tryggvason (tengdafaðir Vladímirs Ashkenazy, 1955), Osmo Vänskä (1996, m.a. á tónleikum í Carnegie Hall), og Vladímír Ashkenazy (á tónleikaferð til Japans í nóvember 2018).

Annar kafli hefst á pákuslætti og plokkuðu stefi í kontrabössum og sellóum. Ekki líður á löngu þar til leikurinn æsist til muna, strengir og blásarar kallast á og tónlistin nær tilþrífamiklum hápunkti áður en allt dettur aftur í dúnalogn. Í þrjá takta ríkir ólýsanleg kyrrð, með undurbliðum en þykkum strengjahljómum, en þá fer allt af stað á ný. Úrvinnslan einkennist af iðandi sköllum og trillum sem Sibelius notar oft í tónlist sinni – stefin hreyfast varla úr stað en eru samt full af orku. Tónlistin verður bütakenndari eftir því sem á líður – hér er þróunin öfug við þá sem knúði áfram fyrsta þátt verksins.

Scherzóíð hefst á öðru suðandi stefi í fiðlum sem virðist keyra allt í kaf sem á vegi þess verður. Kafllinn æðir áfram á fleygiferð þar til kemur að hægari millikafla, en þegar scherzóíð snýr aftur stefnir það í aðra átt en áður. Kafllinn rennur saman við lokapáttinn þar sem kennir ýmissa grasa. Tígnarlegt aðalstefið er þó mjög í forgrunni og gefur tónlistinni mikilfenglegan blæ.

*Árni Heimír Ingólfsson*

## VERKEFNI UNGSVEITAR SÍ

2009

Dmítríj Shostakovítsj: Sinfónía nr. 5  
Rumon Gamba, hljómsveitarstjóri

2010

Pjotr Tsjajkovskíj: Sinfónía nr. 4  
Rumon Gamba, hljómsveitarstjóri

2011

Gustav Mahler: Sinfónía nr. 5  
Baldur Brönniman, hljómsveitarstjóri

2012

Gustav Holst: Pláneturnar  
Baldur Brönniman, hljómsveitarstjóri

2013

Hector Berlioz: Karnival í Róm  
Claude Debussy: La mer  
Edward Elgar: Sellókonsernt  
Sæunn Þorsteinsdóttir, einleikari  
Petri Sakari, hljómsveitarstjóri

2014

Pjotr Tsjajkovskíj: Rómeó og Júlía  
Modest Músorgskíj: Myndir á sýningu  
Petri Sakari, hljómsveitarstjóri

2015

Dmítríj Shostakovítsj: Sinfónía nr. 10  
Eivind Aadland, hljómsveitarstjóri

2016

Pjotr Tsjajkovskíj: Sinfónía nr. 5  
Eivind Aadland, hljómsveitarstjóri

2017

Ígor Stravinskíj: Vorblót  
Daniel Raiskin, hljómsveitarstjóri

2018

Pēteris Vasks: Viatore  
Dmítríj Shostakovítsj: Sinfónía nr. 5  
Daniel Raiskin, hljómsveitarstjóri

2019

Ludwig van Beethoven: Sinfónía nr. 9  
Daniel Raiskin, hljómsveitarstjóri

## Verkefni Ungsveitar SÍ á Tectonics og Myrkum músíkdögum

*Ungsveit á Tectonics 2013*

Robert Ashley: In memoriam...  
Crazy Horse – sífónía fyrir blásara og  
strengjahljóðfæraleikara  
Stephen Montague: In memoriam Jim Tenney  
fyrir stóran hóp hljóðfæra og/eða radda  
Ilan Volkov, hljómsveitarstjóri

*Ungsveit á Tectonics 2014*

Alvin Curran: Beams  
Alvin Curran, hljómsveitarstjóri  
Robyn Schulkowsky: Spunaverk  
Robyn Schulkowsky, hljómsveitarstjóri

*Ungsveit á Tectonics 2015*

Hafdís Bjarnadóttir: Sveimur  
Hafdís Bjarnadóttir, hljómsveitarstjóri

*Ungsveit á Myrkum músíkdögum 2017*

John Luther Adams: Sila:  
The Breath of the World  
Daníel Bjarnason, hljómsveitarstjóri



# Á döfinni

## SELLÓKONSERT DVOŘÁKS Fimmtudag 30.09 kl. 19:30



Danski sellóleikarinn Jonathan Swensen hefur undanfarin ár sópað að sér verðlaunum í alþjóðlegum keppnum og hlaut einnig Leonie Sonning-verðlaunin í heimalandi sínu fyrir framúrskarandi leik. Á tónleikunum leikur hann sellókonsert Dvořáks sem er eitt dáðasta verk sinnar tegundar, í senn flugeldasýning og hjartnæmur söngur sem tjáir sorg og söknuð.

Á tónleikunum hljómar einnig glæsilegur Konsert fyrir hljómsveit eftir Joan Tower en hún hefur unnið til Grammy-verðlauna fyrir tónlist sína og var fyrsta konan til að hljóta hin virtu Grawemeyer-tónskáldaverðlaun. Einnig verður frumflutt nýtt verk eftir Halldór Smárason, en hann hefur vakið mikla eftirtekt á undanförunum árum fyrir hæfileika sína og fjölhæfni. Hljómsveitarstjóri er Peter Oundjian.

## STRAUSS OG SHOSTAKOVITSJ Miðvikudag 06.10 kl. 20:00



Stefán Jón Bernharðsson leiðari horndeildar hljómsveitarinnar leikur fyrri hornkonsert Richards Strauss, sem hann samdi aðeins átján ára gamall og færði föður sínum í afmælisgjöf.

Þá þreytir Ásta Dóra Finnsdóttir frumraun sína með Sinfóníuhljómsveit Íslands og flytur hinn bráðskemmtilega píanókonsert nr. 2 eftir Shostakovitsj, sem er fullur af æskufjöri. Ásta Dóra er aðeins fjórtán ára gömul en hefur um árabíl verið í hópi efnilegustu píanóleikara Íslands.

Tónleikunum lýkur með öðru meistaraverki eftir Strauss, tónaljóðinu Don Juan sem byggt er á sögninni frægu um kvennabósann sem svífst einskis þegar lífsins nautnir eru annars vegar. Hljómsveitarstjóri er Eva Ollikainen. Tónleikunum er einnig sjónvarpað beint á RÚV.

26  
09 20  
21

# Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands

## 1. fiðla

Bjargey Birgisdóttir konsertmeistari  
Sara Karín Kristinsdóttir  
Móeiður Una Ingimarsdóttir  
Tómas Vigur Magnússon  
Hrefna Berg Pétursdóttir  
Særún Luna Solimene  
Jóhanna Vígdís Guðjónsdóttir  
Þórunn Sveinsdóttir  
Hildur Tanja Karlsdóttir  
Benedikt Jens Magnússon  
Elísabet Anna Dudziak  
Páll Viðar Hafsteinsson  
Erla Hafrún Guðjónsdóttir  
Ingibjörg Ólafsdóttir  
Sigrún Eðvaldsdóttir

## 2. fiðla

Helga Diljá Jörundsdóttir  
Margrét Lára Jónsdóttir  
Matthildur Traustadóttir  
Gabríella Snót Schram  
Rozalía Mietus  
Magnús Torfason  
Íris Torfadóttir  
Lóa Floriansdóttir Zink  
Iðunn Helga Zimsen  
Júlía Guðmundsdóttir Gaehwiller  
Karitas Þorsteinsdóttir  
Hrafnhildur Halla Sigurðardóttir  
Jóhanna Huld Baldurs  
Rannveig Lovísa Guðmundsdóttir  
Hlín Erlendsdóttir

## Víóla

Hafrún Birna Björnsdóttir  
Diljá Finnsdóttir  
Katrín Karítas Viðarsdóttir  
Fidel Atli Gasparsson  
Áróra Vera Jónsdóttir  
Arndís Ólafía Snorradóttir  
Ásta Pjetursdóttir  
Þórunn Ósk Marinósdóttir

## Selló

Ágústa Bergrós Jakobsdóttir  
María Qing Sigríðardóttir  
Rut Sigurðardóttir  
Rún Árnadóttir  
Helga María Guðmundsdóttir  
Soffía Jónsdóttir  
Sigurgeir Agnarsson  
Steiney Sigurðardóttir

## Bassi

Aron Jakob Jónasson  
Jóel Ben Tompkins  
Xun Yang  
Jacek Karwan  
Richard Korn

## Flauta

Lilja Hákonardóttir  
Fanney Xiao Comte  
Elma Katrín Örvarsdóttir

## Óbó

Josef Wijk  
Andreas Guðmundsson Gaehwiller  
Margrét Bo Wan Waage Reynisdóttir

## Klarínnett

Símon Karl Sigurðarson  
Atli Mar Baldursson  
Eyrún Þóra Sigurjónsdóttir  
Ásdís Birta Guðnadóttir

## Fagott

Emilía Rán Benediktsdóttir  
Hafey Lilja Hreinsdóttir  
Guðrún Erlendsdóttir

## Horn

Þórunn Eir Pétursdóttir  
Daniel Kári Jónsson  
Jón Hákon Richter  
Felix Jónsson

## Trompet

Ingibjörg Ragnheiður Linnet  
Ingunn Erla Sigurðardóttir  
Sigurrós Jóhannesdóttir  
Bergur Daði Ágústsson

## Básúna

Eldar Máni Gíslason  
Vilhjálmur Guðmundsson  
Svava Freysdóttir

## Túba

Breki Sigurðarson

## Pákur

Magnús Már Newman

Eva Ollikainen *aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi*  
Bertrand de Billy *aðalgestastjórnandi*  
Kornilios Michailidis *staðarhljómsveitarstjóri*  
Daniel Bjarnason *listamaður í samstarfi*  
Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*  
Víkingur Heiðar Ólafsson *staðarlistamaður*

## Framkvæmcla- og skrifstofuteymi

Lára Sóley Jóhannsdóttir *framkvæmdastjóri*  
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*  
Halla Oddný Magnúsdóttir *viðburða- og skipulagsstjóri/í orlofi*

Valdís Þorkelsdóttir *viðburða- og skipulagsstjóri*  
Jökull Torfason *verkefnastjóri viðburða*  
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*  
Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*  
Inga María Leifsdóttir *markaðsfulltrúi*  
Una Eyþórsdóttir *mannauðsstjóri*  
Svanhvit Hrólfisdóttir *fjármálastjóri*  
Kristbjörg Clausen *nótnavörður*  
Larissa Weidler *umsjónarmaður nótna*  
Sigþór J. Guðmundsson *verkefnastjóri sviðs- og tæknimála*  
Björk Björgúlfisdóttir *sviðsstjóri*



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

2021  
2022

# SVARTA RÖÐIN

**Sérstök tónleikaröð með Víkingi í einleikshlutverki. Þrennir hljómsveitar-tónleikar ásamt einleikstónleikum Víkings í nóvember.**

Víkingur Heiðar Ólafsson er staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands starfsárið 2021-22. Samstarf Víkings og Sinfóníuhljómsveitar Íslands á þessu starfsári er einstakt á heimsvísu og nokkuð sem enginn tónlistarunnandi má láta fram hjá sér fara.

Þeir sem kaupa kort á þessa einstöku röð fá 15% afslátt af almennu miðaverði.



Miðasala  
**sinfonia.is**

Sími  
**528 5050**



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

**2021**  
**2022**

# KLASSÍSKI SKÓLINN

Nemendur 25 ára og yngri fá miða á tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands samdægurs á 1.900 kr. með skólakorti Sinfóníunnar.

Skráðu þig fyrir skólakorti í miðasölu Hörpu eða á [sinfonia.is/skolakort](http://sinfonia.is/skolakort).



KONTOR REKJAVÍK

Miðasala  
[sinfonia.is](http://sinfonia.is)

Sími  
528 5050